

## ForMA, Fundargerð

Fundur haldinn 13. febrúar 2019 kl 16:30 í Menntaskólanum.

Mættir: Heimir, Inda, Ragnheiður, Óli og Anna Kristín. Guðrún Dóra boðaði veikindi

Engin ákveðin mál voru á dagskrá fyrir fundinn en eftir farandi mál voru rædd

1. 23. janúar s.l. var haldið málþing í Hofi undir yfirskriftinni „Unga fólkíð okkar – hvert erum við að stefna“. Þingið var vel sótt og höfðu Heimir og Anna Kristín farið. létu þau vel af málþinginu og umræður sem höfðu skapast voru góðar.
2. Anna Kristín sagði frá skólaráðsfundi sem var í síðustu viku. Fundarmenn þar höfðu verið upplýstir um útkomu prófa. Athygli vakti að ekki var eins mikið fall í stærðfræði á 2. ári (náttúru- og raungreinabraut) en töluvert fall var í félagsfræðigreinum, eitthvað sem ekki hefur verið svo mikið áður. Spurningin er hvort að hér sé komin afleiðing þess að lestrarfærni nemenda er að versna og félagsfræðigreinar eru oft svo kölluð „lesfög“. Tölfræði frá skólasókn og útkomu prófa sýnir að þessar breytur haldast í hendur, þ.e. sá bekkur sem er með besta skólasókn er einnig með hæst meðaleinkunina. Skólasókn minnkar einnig er líður á fjölda ára sem nemandi er í skólanum.  
Á fundinum hafi einnig verið rætt að næsta skólaár yrði töluvert fækkun nemenda vegna „þriggja ára kerfis“. Ekki munu allir kennarar halda stöðu sinni og yfirvinna verður væntanlega minni. Meira rými mun verða til umráða og hefur verið hafist handa við að hugsa hvernig nota megi rýmið sem best.  
Útskrift vorsins hafði verið rædd og munu báðir útskriftarárgangar útskrifast saman. Stefnt er að því að athöfnin taki aðeins hálf tíma lengri tíma en venjan er
3. Skóladagatal næsta árs hefur ekki enn verið afgreitt en það er í vinnslu. Meiri líkur en minni eru á að skólaárið hefjist nokkrum dögum fyrr haustið 2019 en það hefur gert tvö síðustu skólaár. Þar með mun MA hefjast á svipuðum tíma og aðrir framhaldsskólar á svæðinu.
4. Nokkur böll hafa verið haldin í Sjallanum upp á síðkastið en þau hafa ekki verið kennd við MA eins og tíðkaðist að gera þó að böllin hafi ekki tengst skólanum neitt. Skref í rétta átt að okkar mati.
5. Skólabragur er hinn besti þessar vikurnar. Lið skólans í keppninni Gettu betur er komið áfram og einnig lið skólans í Morfís. Kvöldvaka er í vikunni og þemadagar í mars. Einhverjar kvartanir hafa borist að eldri bekkingar taki föst sæti í matsalnum og eru ráðamenn í matsal og heimavist að vinna í að uppræta það.
6. Skólinn er að kynna starfssemi sína þessa daganna fyrir elstu bekkjum grunnskólans á Akureyri og næstu sveitarfélögum. Námsráðgjafar munu fara til Reykjavíkur og taka þátt í framhaldsskólakynningu þar um miðjan mars.

Næsti fundur í mars.

Fundi slitið kl 17:50

Ritari: Bryndís Inda